

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 97/2023

2023/EES/81/22

frá 28. apríl 2023

um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun H12 frá 19. október 2021 um ákvörðun dagsetningar sem taka þarf tillit til varðandi umreikningsgengi sem um getur í 90. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 987/2009 ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun nr. H12 kemur í stað ákvörðunar nr. H3 ⁽²⁾, sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn, og ber því að fella hana brott úr samningnum.
- 3) VI. viðauka við EES-samninginn er því breytt í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

VI. viðauki við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir 3.H11 (ákvörðun nr. H11) í VI. viðauka við EES-samninginn:

„3.H12 **32022 D 0228(01)**: Ákvörðun H12 frá 19. október 2021 um ákvörðun dagsetningar sem taka þarf tillit til varðandi umreikningsgengi sem um getur í 90. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 987/2009 (Stjtið. ESB C 93, 28.2.2022, bls. 6).“

2. Texti liðar 3.H3 (ákvörðun nr. H3) fellur brott.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar nr. H12, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 29. apríl 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram ^(*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB C 93, 28.2.2022, bls. 6.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 106, 24.4.2010, bls. 56.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 28. apríl 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.